

1868.
27. marz.

í tíðindum (comptes rendues) vísindafélagsins í París árið 1866, og sem er mjög ófullkomin að því er snertir það atriði málsins, sem heilbrigðisráðinu þykir mest í varið, svo að heilbrigðisráðið finnur ekki ástæðu til fyrir það, sem nú á ný er komið fram frá fiskiveiðafélaginu, að breyta álitum því, sem það hefir áður látið í ljósi um málið, að því leyti sem það frá sínu sjónarmiði á að leggja dóm á það.

28. marz.

15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða, fjárhagsárið 1868—69.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vér stadfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða frumvarp það, er fyrir það hefir verið lagt, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílmán. 1868 til 31. marzmán. 1869, og í síðasta lagi þangað til 1. maímán. þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, en þó svo, að ekki sé farið út yfir aðalupphæðir þær og sérstakar gjaldagreinir, sem til eru færðar í tæðu lagafrumvarpi, og eins til að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1868.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 28. marzmánaðar 1868.